



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 49/2020

Verðmerkingar í verslun Optical Studio í Smáralind

I.

Málsmeðferð

Í ágústmánuði 2020 kom starfsmaður Neytendastofu í verslanir Optical Studio, sem reknar eru af Miðbaug ehf., í þeim tilgangi að kanna ástand verðmerkinga. Verðmerkingar voru skoðaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011 um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðun starfsmanns Neytendastofu leiddi í ljós að ástand verðmerkinga í Optical Studio Smáralindvar ábótavant.

Starfsmaður Optical Studio kvittaði fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinga. Í lok skoðunarinnar skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf hjá fyrirtækinu þess efnis að skoðunin hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda fyrirtækinu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til Miðbaugs, dags. 13. ágúst 2020, greindi stofnunin fyrirtækinu frá niðurstöðum skoðunarinnar og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu tilmælum beint til Optical Studio að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu var jafnframt gerð grein fyrir því að Neytendastofa hafi kannað upplýsingar um þjónustuveitanda á vefsíðu Optical Studio, www.opticalstudio.is, en engar athugasemdir hafi verið gerðar. Í bréfinu kom fram að könnun stofnunarinnar yrði fylgt eftir með nýrri könnun og mætti fyrirtækið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Ný könnun var framkvæmd þann 3. september 2020. Í kjölfar könnunarinnar sendi Neytendastofa bréf til Miðbaugs, dags. 14. september 2020, þar sem gerð var grein fyrir því að verðmerkingar í verslun Optical Studio í Smáralind væri enn ábótavant. Vörur víða í



versluninni væru óverðmerktar. Ítrekaði stofnunin jafnframt þau ákvæði sem ættu við í málinu. Beindi stofnunin þeim fyrirætlum til Miðbaugs að koma að skýringum eða athugasemdum áður en málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Engin svör bárust stofnuninni.

II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Neytendastofa gert kröfu um að Miðbaugur ehf. framkvæmi viðunandi úrbætur á verðmerkingum í verslun sinni Optical Studio í Smáralind. Var félaginu veittur fjórtán daga frestur til þess. Engin svör hafa borist frá Miðbaugi vegna málsins.

Um verðmerkingar er fjallað í 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þar segir:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu“

Með ákvæðinu er sú skylda lögð á söluaðila að gefa ávallt upp verð á bæði vöru og þjónustu. Á grundvelli heimildar í 2. málslíð ákvæðisins, sbr. einnig 18. gr. sömu laga, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingaverð við sölu á vörum. Í 1. og 2. mgr. 3. gr. reglnanna segir eftirfarandi:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir um sektarheimild Neytendastofu:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]



c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga nr. 57/2005 og 1. og 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 536/2011, hvílir sú skylda á Miðbaugi að sjá til þess að allar vörur í verslun Optical Studio í Smáralind séu verðmerktar með réttu söluverði. Samkvæmt síðari athugun Neytendastofu á verðmerkingum í verslun Optical Studio í Smáralind voru verðmerkingar enn ábótavant. Voru ýmsar vörur óverðmerktar í versluninni. Hafði Miðbaugur þar af leiðandi ekki farið að tilmælum Neytendastofu um úrbætur á verðmerkingum í versluninni innan þess frests sem veittur var. Þykir stofnuninni því nauðsynlegt að leggja stjórnvaldssekt á Miðbaug, á grundvelli heimildar í 1. mgr. 22. gr. laga 57/2005.

Með vísan til framangreinds, að teknu tilliti til jafnræðisreglu og meðalhófsreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum, þykir Neytendastofu rétt og hæfilegt að leggja á Miðbaug stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Miðbaugur ehf., Akralind 8, 201 Kópavogur, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslun Optical Studio í Smáralind. Þá hefur fyrirtækið ekki farið að fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum sínum í sömu verslun í viðunandi horf.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Miðbaug ehf. að fjárhæð kr. 50.000 (fimmtíuþúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 28. október 2020

Þórunn Anna Árnadóttir
Forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir